

Arni Helgason

Eintak bókasafns
VMST-R/86027



VEIÐIMÁLASTOFNUN

VAGNHÖFÐA 7 - 112 REYKJAVÍK

ARNI HELGASON

ARNI HELGASON

SJÖKVÍAELDI VESTURLAX HF Á PATREKSFIRÐI

Greinagerð um könnunarferð 13-15.10.1986

Sjökviældi
Vesturlax hf

INNGANGUR

13 október 1986 fór undirritaður í skoðunarferð til Patreksfjarðar í þeim erindagjörðum að kanna ástand í kvíældi Vesturlax hf á Patreksfirði, meta árangurinn af eldi sumarsins og leggja á ráðin með undirbúning fyrir komandi vetur.

Í ferðinni voru kvíarnar skoðaðar einkum með tilliti til þess hvort þyrfti að skipta um netpoka fyrir veturinn, einnig var fiskurinn skoðaður og gerðar á honum þyngdarmælingar og drög lögð að fóðrunaráætlun fyrir komandi vetur. Að síðustu voru skoðaðir álitlegir staðir fyrir seltuherslu gönguseiða á vori, og litið á laxaseiði í þrem eldisstöðvum í nágrenni Patreksfjarðar með hugsanleg kaup í huga á komandi vori.

ASTAND KVÍA

Við skoðun kom í ljós, að ástand kvíanna var gott. Festingar virðast traustar og jafnt átak liggur frá þeim á kvíarnar. Netpokar voru hreinir, enda húðaðir með fælandi efni fyrir þörunga og aðrar lífverur sem setjast gjarnan á slík net, og ekki talin ástæða til þess að hreyfa við þeim fyrir veturinn.

ASTAND FISKS OG VÖXTUR

Sýnishorn voru tekin af laxaseiðum í þeim þrem kvíum sem búið er að setja í. Fiskurinn var skoðaður og þyngdarmældur. Af útliti mátti álykta, að smoltun hefði orðið eðlileg á fiskinum, og hann var jafnsilfraður og í góðum holdum. Ekki voru nein merki um að laxalús á fiskinum

Meðalþyngd var mæld á 30 laxaseiðum í hverri kví og eru niðurstöður þeirra mælinga sýndar í töflu hér að neðan ásamt reiknuðum meðaldagvexti á tímabilinu frá 1. júlí 1986.

Kví	Fjöldi	Meðalþyngdir		dagar	dagvöxtur	heildarþungi
		01.07	13.10			
1	3.000	94 g	338 g	104	1.23%	1.014 kg
2	7.000	93 g	324 g	104	1.20%	2.268 kg
3	10.000	59 g	292 g	104	1.54%	2.920 kg
	20.000	76 g	310 g	104	1.35%	6.202 kg

Eins og sést í töflunni hefur vöxtur seiðanna verið mjög góður á þessum rúmlega 3 mánuðum sem liðnir eru frá því að eldi var hafið á þeim í Patreksfirði. Þyngdaraukning seiðanna er fyllilega í samræmi við væntingar og jafnvel betri. Það má búast við því, að enn verði góður vöxtur hjá fiskinum í haust, en sjávarhiti mældist á þessum tíma 7.8 oC.

UNDIRBÚNINGUR FYRIR VETURINN

Ahersla var lögð á að skipuleggja vetrarfóðrun á seiðunum í


Patreksfirði. Akveðið var að hefja undirbúning að öflun blautfóðurs, en það verður gefið þegar sjávarhiti fer undir 4°C. Einnig voru gerð drög að fóðrunaráætlun fyrir næstu mánuði.

VAL Á STAÐ FYRIR SELTUHERSLU

Litið var á nokkra staði í nágrenni Þúfneyrar með það í huga að finna hentuga staðsetningu fyrir seltuherslu á gönguseiðum. Líklegasti kosturinn þótti staður í austanverðu kaupúninu þar sem auðvelt virðist að safna fersku lindarvatni í nægilegu magni og aðgengilegt að staðsetja aðlögunarker og dala sjó.

LOKAORÐ

Niðurstaða ferðarinnar er sú, að framkvæmd og árangur eldisins hjá Vesturlax hafi gengið eins og best getur orðið.


Arni Helgason
16.10.1986